

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 3279/92

frá 9. nóvember 1992

## um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1601/91 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Banna ætti notkun tappa eða þynna sem innihalda blý til að loka ílátum sem eru notuð til markaðssetningar á kryddvínnum, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum til að koma í veg fyrir mengunarhættu, einkum hættu á að það komist í snertingu við vöruna og hættuna á umhverfismengun vegna blýúrgangs frá töppunum eða þynnunum. Þó ætti að veita framleiðendum og þeim sem nota þessa tappa og þynnur aðlögunartíma með því að láta bannið taka gildi 1. janúar 1993. Auk þess er nauðsynlegt að leyfa sölu vara sem var tappað á flöskur fyrir þennan dag þar sem notaðir voru tappar eða þynnur sem innihalda blý þar til birgðir þrýtur.

Rétt er að laga tilteknar skilgreiningar á drykkjum blönduðum með kryddvínnum til að betra tillit sé tekið til hefðbundinna framleiðsluáferða.

Af þeim sökum þarf að breyta reglugerð (EBE) nr. 1601/91 <sup>(4)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1601/91 er breytt sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 69, 18. 3. 1992, bls. 11.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 241, 21. 9. 1992, bls. 97 og ákvörðun frá 28. október 1992 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 169, 6. 7. 1992, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.

1. Í stað fyrsta undirliðar a-liðar 3. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) *Sangria*:

drykkur úr víni:

- bragðbættur með viðbót af náttúrlegum kjarna eða krafti úr sítrusávöxtum,
- með eða án safu slíkra ávaxta,
- og hugsanlega einnig
- kryddi,
- sætuefni,
- og koldíoxíði (CO<sub>2</sub>),

með alkóhólstyrkleika undir 12% miðað við rúm-mál“.

2. Í stað e-liðar 3. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„e) *Kalte Ente*:

drykkur blandaður með kryddvínnum fenginn með því að blanda víni, hálfreyðandi víni eða hálfreyðandi víni, sem koldíoxíði (CO<sub>2</sub>) hefur verið bætt í, við freyðivín eða freyðivín, sem koldíoxíði (CO<sub>2</sub>) hefur verið bætt í, og einnig náttúrlegu sítrónuefni eða kjarna úr því, en það bragð verður að vera greinilegt. Fullunnin varan verður að innihalda að lágmarki 25% af freyðivíni eða freyðivíni sem koldíoxíði (CO<sub>2</sub>) hefur verið bætt í.“

3. Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir 8. gr.:

„4a. Frá og með 1. janúar 1993 er óheimilt að geyma átappaðar vörur er falla undir þessa reglugerð með sölu eða markaðssetningu í huga ef tappar eða þynnur sem innihalda blý eru notaðar til að loka ílátum undir þær. Þó er heimilt að ráðstafa vörum í flöskum sem var lokað með slíkum töppum eða þynnnum fyrir þennan dag þar til birgðir þrýtur.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 1992.

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. HURD

*forseti.*

---